

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hunda sbr. staflið b. í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, með síðari breytingum, skal vera kr. 11.923.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausa hunda að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórnnum Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 513/2008 fyrir hundahald á Suðurnesjum.

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum, 12. maí 2009,

Magnús H. Guðjónsson,
frankvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.